

# 232. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 12. MAÍ 2015 KL 9:30

haldinn í Grensáskirkju

---

## FUNDARGERÐ

---

- a) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- b) Starfslýsing framkvæmdastjóra kirkjuráðs.
- c) Reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs.
- d) Starfshópar kirkjuráðs.
- e) Skipan í nefndir, stjórnir og ráð frá og með 1. júlí 2015.
- f) Kirkjuþing.  
Dagsetning þingsins og undirbúningur.
- g) Fasteignir.
  - a. Borg á Mýrum, landamerkjамál.
  - b. Grenjaðarstaður, sáttatillaga um landamerki.
  - c. Reynivellir.
  - d. Saurbær.
  - e. Húsnæði Biskupsstofu, staða mála.
- h) Skálholt.
  - a. Tillögur stjórnar Skálholtsstaðar.
  - b. Ársreikningur Skálholtsstaðar.
  - c. Eignir í Skálholti.
- i) Fjármál.
  - a. Ársreikningur Kristnisjóðs.
  - b. Frestun á auglýsingum prestsembætta.
  - c. Skuldbindandi fjármálasamningar sem ekki fara fyrir kirkjuráð.
  - d. Stórólshvolssókn.
  - e. Kærleikþjónustan – flutt fjárveiting milli ára.
  - f. Fræðslumál – flutt fjárveiting milli ára.
  - g. Erindi frá Siglufjarðarsókn.
  - h. Launaútgjöld Kirkjuráðs og Biskupsstofu vegna ársins 2014 og 2015.
  - i. Erindi frá formanni Löggjafarnefndar kirkjuþings.
  - j. Erindi frá Stykkishólmsókn.
- j) Önnur mál.
  - a. Ályktun aðalfundar P.Í. vegna kirkjujarðasamkomulagsins.
  - b. Erindi frá sóknarnefndarformanni Staðarstaðasóknar: Stofnun og uppbygging menningar- og söguseturs að Staðastað á Snæfellsnesi.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst í Grensáskirkju kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn er kirkjuþing var til umfjöllunar.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, sátu fundinn undir dagskrárlið 8a.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 231. kirkjuráðsfundar var rædd og samþykkt.

Biskup kynnti minnisblað um laun yfirmanna á Biskupsstofu. Rætt var um starfslýsingar og launamál. Biskup kynnti tillögur að fyrirkomulagi launa yfirmanna á Biskupsstofu ásamt minnisblaði frá lögfræðingi Biskupsstofu.

---

## 2. STARFSLÝSING FRAMKVÆMDASTJÓRA

---

Starfslýsing framkvæmdastjóra kirkjuráðs hefur verið í endurskoðun.

**Kirkjuráð samþykkti að í ljósi hagræðingar mun framkvæmdastjóri annast störf fjármálastjóra. Kirkjuráð mun meta reynsluna af því fyrirkomulagi í september nk.**

---

## 3. REGLUR UM STJÓRNSÝSLU OG STARFSHÆTTI KIRKJURÁÐS

---

**Kirkjuráð samþykkti að afnema *Reglur um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs* sem áður höfðu verið samþykktar.** Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000 eru í gildi.

---

## 4. STARFSHÓPAR KIRKJURÁÐS

---

Kirkjuráð hefur starfrækt þrjá starfshópa, fjárhagshóp, kirkjustarfshóp og lagahóp. Séra Gísli Gunnarsson bar upp þá tillögu að kirkjuráð skipi í starfshópana.

**Kirkjuráð samþykkti að skipa ekki að svo stöddu í starfshópana.**

Biskup lagði til að málið verði skoðað nánar í haust ásamt formönnum fastanefnda kirkjuþings.

---

## 5. SKIPAN Í NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR OG RÁÐ FRÁ OG MEÐ 1. JÚLÍ 2015

---

Farið var yfir nefndir, ráð og stjórnir sem kirkjuráð þarf að skipa í, samkvæmt minnisblaði sem biskup lagði fram, og mun kirkjuráð ljúka skipun á næsta fundi.

---

## 6. KIRKJUÞING 2015

---

Forseti kirkjuþings kynnti tillögu að tímasetningu kirkjuþings 2015. Kirkjuráð samþykkti að kirkjuþing verði sett laugardaginn 24. október nk.

---

## 7. FASTEIGNIR

---

### a) Borg á Mýrum

Lögð voru fram drög að landamerkjabréfi sem dagsett er í apríl sl. ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. hnitsetning milli prestssetursjarðarinnar Borgar á Mýrum annars vegar og jarðarinnar Tungulækjar hins vegar.

**Kirkjuráð samþykkti að veita sviðsstjóra fasteignasviðs heimild til undirritunar landamerkjabréfs og annarra skjala um framangreind landamerki, f.h. kirkjuráðs vegna kirkjumálasjóðs.**

### b) Grenjaðarstaður, sáttatillaga um landamerki.

Lögð var fram tillaga að sátt á milli prestssetursjarðarinnar Grenjaðarstaðar og svonefndra Múlajarða. Fasteignasvið mælir með því að sáttatillagan verði samþykkt.

**Kirkjuráð samþykkti sáttatillöguna og að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að ljúka sammingsgerðinni.**

### c) Reynivellir, Kjósarhreppi.

Drög að samkomulagi vegna lagningar jarðstrengs í landi Reynivalla, Kjósarhreppi og RARIK lögð fram til kynningar.

**Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.**

### d) Saurbær, prestssetursjörð.

Lögð voru fram til umfjöllunar drög að samningi milli Kirkjumálasjóðs sem eiganda prestssetursjarðarinnar Saurbæjar annars vegar og Hólmsbúðar ehf. (leigutaka) hins vegar.

**Kirkjuráð hafnaði sammingsdrögunum.**

### e) Húsnæði Biskupsstofu, staða mála.

Kirkjuráð hefur skoðað möguleika á að byggja nýbyggingu skrifstofu- og þjónustuhúss undir starfsemi Biskupsstofu á reit austan Grensáskirkju við Háaleitisbraut 66.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála og þá meðferð sem málið hefur fengið á vettvangi Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

**Kirkjuráð samþykkti að vinna áfram að þarfagreiningu fyrir starfsemi Biskupsstofu.**

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skoða hvaða kostir eru vænlegir varðandi stærð og staðsetningu fyrir húsnæði Biskupsstofu.**

---

## 8. SKÁLHOLT

---

a) *Tillögur stjórnar Skálholtsstaðar.*

Formaður stjórnar Skálholtsstaðar lagði fram til kynningar og umræðu minnispunkta stjórnar Skálholtsstaðar sem afgreiddir voru á stjórnarfundum í Skálholti 8. maí sl.

Formaður lagði fram rekstraráætlun Skálholtsstaðar vegna ársins 2015.

b) *Ársreikningur Skálholtsstaðar 2014.*

**Kirkjuráð samþykkti og undirritaði ársreikning Skálholtsstaðar 2014.**

c) *Eignir í Skálholti.*

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um verðmæti eigna kirkjumálasjóðs á Skálholtsstað.**

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um gang þeirra viðhaldsframkvæmda sem nú standa yfir í Skálholti og kynna þær fyrir kirkjuráði á næsta fundi.**

---

## 9. FJÁRMÁL

---

a) *Ársreikningur Kristnisjóðs.*

**Kirkjuráð samþykkti og undirritaði ársreikning Kristnisjóðs 2014.**

b) *Frestun á auglýsingum prestsembætta.*

Kirkjuþing samþykkti mál númer 28/2014 um að beina því til innanríkisráðherra að hann beiti sér fyrir því að bráðabirgðaákvæði í þjóðkirkjulögunum er veiti heimild til að fresta auglýsingum lausra embætta verði framlengt. Málið hefur ekki verið afgreitt á Alþingi.

c) *Skuldbindandi fjármálasamningar sem ekki fara fyrir kirkjuráð.*

Rætt var um mikilvægi þess að starfslokasamningar og skuldbindandi samningar á fasteignasviði verði ávallt kynntir kirkjuráði.

d) *Stórólfshvolfssókn.*

Erindi frá Stórólfshvolfssókn kynnt.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu með hliðsjón af því sem kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 10. mars sl.**

e) *Kærleikþjónustan – flutt fjárveiting milli ára.*

**Kirkjuráð samþykkti að veita heimild til að nýta ónýtta fjárveitingu ársins 2014 á yfirstandandi ári.**

f) *Fræðslumál – flutt fjárveiting milli ára.*

Minnisblað frá teymisstjóra fræðslumála lagt fram til kynningar.

**Kirkjuráð samþykkti að veita heimild til að nýta ónýtta fjárveitingu ársins 2014 á yfirstandandi ári. Kirkjuráð samþykkti viðbótarfjárveitingu að fjárhæð 600 þ.kr. til að standa straum að útsendingu fermingarbæklings.**

g) *Siglufjarðarsókn.*

Erindi frá gjaldkera Siglufjarðarsóknar frá 15. apríl sl. lagt fram.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.**

h) *Launaútgjöld Kirkjuráðs og Biskupsstofu vegna ársins 2014 og 2015.*

Biskup kynnti málið.

i) *Erindi frá formanni löggjafarnefndar, ósk um aukafjárveitingu.*

Erindi frá formanni löggjafarnefndar er varðar ósk um aukafjárveitingu.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla nánari upplýsinga um málið.**

j) *Erindi frá Stykkishólmssókn er varðar fjármögnun á viðgerð Stykkishólmskirkju.*

Biskup bar upp erindi frá fulltrúum sóknarnefndar Stykkishólmssóknar og kynnti málið.

**Biskup mun skoða málið áfram.**

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

a) *Ályktun aðalfundar P.Í. vegna kirkjujarðasamkomulagsins var lögð fram til kynningar.*

b) *Staðarstaður á Snæfellsnesi, hugmyndir að uppbyggingu Arastofu.*

Erindi frá sóknarnefndarformanni Staðarstaðasóknar lagt fram til kynningar en það fjallar um stofnun og uppbygging menningar- og söguseturs að Staðastað á Snæfellsnesi.

Ályktun héraðsfundar Vesturlandsprófastsdæmis lögð fram til kynningar.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 9. júní kl. 9:30.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson, biskupsritari.